

Punktur varðandi vopnalög

Eymundur Sigurðsson

Hérna er ég búinn að taka saman nokkra punkta varðandi breytingar á vopnalögum nr. 16/1998, sem dómsmálaráðherra mælti fyrir 07.11.2023.

Þetta er eitthvað sem að mér persónulega þykir að betur mætti fara, en ég hef engra hagsmuna að gæta, annara en sjálfs míns sem skotvopnaeiganda og safnara.

Svo virðist að í kjölfar rannsóknar lögreglu á meintri hryðjuverkaárás sem talið var að væri í uppsiglingu í september 2022, þá hafi þáverandi dómsmálaráðherra sett af stað vinnu við að endurskoða og herða vopnalögin. Þar var sérstaklega bent á safnvopn sem ógn, þar sem bent var á að skráðum safnvopnum, hálfsvirkum og alsjálfvirkum hafði fjölgað mjög mikið á skömmum tíma.

Að benda sérstaklega á safnvopnin er að mínu mati illa ígrunduð geðþóttaákvörðun, þar sem þar má finna hálf- og alsjálfvirk vopn sem auðvelt er að benda á sem stórhættuleg, til að réttlæta bann, sérstaklega ef þekking á málaflokknum er ekki fyrir hendi.

Þessi tenging við safnvopnin virðist einnig vera til komin vegna aðkomu stærsta byssusafnara landsins að þessu sakamáli, en hann útvegaði sakborningum vopnin sem þeir svo reyndu að breyta með þrívíddarprentuðum íhlutum, auk þess að þrívíddar prenta vopn

Vopnin sem um ræðir falla ekki undir ramma safnvopna, langt í frá, en út frá fjölmiðlaumfjöllun mátti skilja að svo væri. Það má því spyrja sig af hverju lögreglan leiðrétti ekki rangfærslur í þeirri umfjöllun?

Safnvopn miðast við þau vopn sem notuð voru í seinni heimsstyrjöld og fyrr, en þar undir falla, hálfsvirkir riffar, hálfsvirkar skammbyssur, handvélbyssur og vélbyssur. Að safna byssum snýst ekki um að eiga eins mikið og hægt er, heldur safna einhverju ákveðnu. En margir safnarar eru með sértækar áherslur, eins og t.d. bandarísk vopn í seinni heimsstyrjöld. Þá er leitast við að eiga sem upprunalegast vopn, auk aukahluta sem því tengjast. Þessu fylgir heilmikið grúsk, og oft er hver partur vopnsins skoðaður til að komast að uppruna hans.

Í öðrum Evrópulöndum er söfnurum sniðinn misþröngur stakkur, en oftast er þeim gert kleift að sinna sínu áhugamáli með sérákvæðum eða reglugerðum, óháð því hvort t.d. hálfsvirk vopn eru almennt leyfð eða bönnuð í viðkomandi landi.

Í Noregi velja velja safnarar sér eitthvað ákveðið tímabil, t.d. seinni heimsstyrjöld, og verða að gera grein fyrir því af hverju þeir vilja eignast þau vopn.

Í Hollandi máttu eiga safnvopn, en þar þarf að skila ítarlegri greinargerð eða rannsókn, til að sýna fram á áhuga og þekkingu viðkomandi á vopninu. Það er svo nefndar að ákveða hvort skilyrðum sé fullnægt til að eignast vopnið. Svipað kerfi er í Belgíu og fleiri löndum.

Mætti ekki koma á fót svipuðu kerfi hér? Að safnari þyrfti sannarlega að sýna fram á áhuga og þekkingu á málaflokknum til að eignast safnvopn. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að það

myndi fæla frá 80% þeirra sem hingað til hafa verið að kaupa safnvopnin, en meirihluti þeirra eru ekki safnara, heldur stukku á tækifærið þegar opnaðist fyrir innflutning og eignarhald á þessum vopnum. Við það drægist innflutningur stórlega saman, en safnara hefðu áfram tök á því að bæta við sín söfn. Jafnvel þó stærri vélbyssur væru bannaðar, þá væri enn þá um nokkuð auðugan garð að gresja í hálfsjálfvirku vopnunum, og myndi breyta stöðunni algjörlega.

Það verður líka að horfa í kúltúr okkar, Íslendingar eru friðsöm þjóð, sem hætti í aðal atriðum að brytja hvort annað niður í lok Þjóðveldisaldar. Þegar byssur koma svo fyrst til sögunnar, er fyrst og fremst litið á þær sem mikilvægt veiðitæki, en ekki eitthvað sem notað er til að verja sig eða ráðast á aðra. Ólíkt því sem gerðist hjá öðrum þjóðum, sem bæði stóðu í hernaði, og glímdu við innrásarher, sem gerði byssuna að sjálfsgöðu tæki í þeim tilgangi.

Eins og staðan er í dag er það nokkrum skilyrðum háð að eignast safnvopn, og ekkert við það að athuga. Gerð er krafa um byssuskáp, eða geymslu samþykkt af lögreglu, auk þess að vera með þjófavarnakerfi. Þessar kröfur þarf að uppfylla til þess að eignast safnvopn, sem getur verið t.d. lítil .25 calibera skammbysa. Nágranni byssusafnarans sem er með D-leyfi, og má því eiga skammbysur og hálfsjálfvirka riffa, þarf ekki þjófavarnakerfi fyrir 9mm Glock skammbyssuna og hálfsjálfvirku haglabyssuna sem hann á. Vinur hans, sem er með venjulegt B-leyfi, á hálfsjálfvirku haglabyssu, og riffil í cal 338 Lapua magnum, þarf ekki einu sinni byssuskáp, þar sem hann á bara tvær byssur. Þess má þó geta að 338 Lapua magnum er eitt öflugasta nútíma riffilskot sem völ er á, og fyrsti valkostur leyniskyttu sem þurfa að skjóta á yfir 1000m færi. Þar sem að bannað er að veiða með þessu skoti, er því mjög sérstakt að nánast hver sem er geti eignast slíkt vopn hér á landi án nokkurra vandkvæða eða takmarkana, annað en með safnvopnin, þó þau séum ekki nærri jafn öflug eins og í þessu dæmi.

Ég hallast að því að þau sem komu að gerð þessa frumvarps hafi ekki alltaf haft næga þekkingu á þeim skotvopnum sem hér eru í umferð, og lítið mál er að eignast. En aðal áherslan hafi verið á að leysa meint vandamál, sem ekki var, og því síður er til staðar, eða þau vopn sem flokkast sem safnvopn, og eru löglega skráð í viðurkenndum geymslum safnara. Ef réttindalaus, ölvaður ökumaður myndi valda banaslysi, er þá rétta leiðin að banna sportbíla af því þeir komast alltof hratt? Hér er ekki verið að ráðast á rót vandans.

Í frumvarpinu segir að safnara muni þurfa að kaupa þjónustu af viðurkenndu öryggisvörslu fyrirtæki, í stað þess að vera með eigið kerfi. Aðrir vopnaeigendur munu vera undanþegnir þessu. Ég set stórt spurningamerki við það. Af hverju að þvinga safnara til að kaupa þjónustu af fyrirtækjum á markaði þar sem ríkir fákeppni? Hvað með safnara á landsbyggðinni þar sem þjónusta þessara fyrirtækja er ekki í boði? Það væri nær að setja kröfur um gæði þjófavarnakerfis, fjölda skynjara, myndavéla, úthringimöguleika o.s.f.v. Mikið framboð er af mjög vönduðum kerfum sem hver og einn getur komið sér upp, og lögreglan gæti svo tekið út eins og gert er með byssuskápa og geymslur.

Þegar dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu, nefndi hún af einhverjum ástæðum að hálfsjálfvirk vopn yrðu bönnuð í Noregi árið 2024. Ég hef athugað málið, auk þess að heyra í söfnurum hér heima og í Noregi, og þarna virðist gæta misskilnings af hálfu

dómsmálaráðherra. Samkvæmt mínum heimildum er vissulega bannað samkvæmt lögum að eiga hálfsjálfvirk vopn í Noregi, en leyfilegt samkvæmt reglugerð. Farið var í breytingar á þessum reglum eftir ódæðið í Útey, en nær engar takmarkanir voru á því hvað mátti eiga. Eftir breytingar er kerfið nú orðið einfaldara og skilvirkara varðandi þau hálfsjálfvirku vopn sem þar er leyfilegt er að eiga.

Að hálfsjálfvirk vopn verði svo bönnuð með öllu í Noregi frá 2024, kannast enginn við sem ég sendi fyrirspurn varðandi þetta mál.

Dómsmálaráðherra nefndi í framsöguræðu sinni heildartölu innfluttra safnvopna frá 2018 til 2021, eða 1404 vopn. Þessi tala gefur ekki rétta mynd af því sem skráð er á einstaklinga, því að stærsti innflytjandi þessara vopna var yfirleitt með stóran lager, og sumt sem var selt áfram úr landi og var aldrei í eigu einstaklinga hér. Því væri áhugavert að sjá sundurliðun á þessari tölu, til að gefa rétta mynd af stöðunni.

Hversu margar vélbyssur eru skráðar á einstaklinga?

Hversu mörg hálfsjálfvirk safnvopn eru skráð á einstaklinga?

Hversu mörg önnur safnvopn eru skráð á einstaklinga?

Hversu mörg safnvopn eru skráð á fyrirtæki/innflutningsaðila?

Hversu mörg safnvopn hafa verið flutt úr landi á tímabilinu 2018 til dagsins í dag?

Það er því margt við þetta frumvarp sem mér finnst athugavert, og bera vitni fljótfærni, vanþekkingar, geðþóttaákvörðana og óvandaðra vinnubragða. Eitthvað sem ég hélt að ekki ætti heima á Alþingi Íslendinga, og ég vona innilega að hægt verði að bæta úr, öllum til hagsbóta. Þessar breytingar varðandi safnvopn munu fyrst og fremst bitna á þeim sem eru með allt sitt á hreinu, og fylgja lögum og reglum. Talsmenn glæpahópa munu líklega ekki senda ykkur póst til að mótmæla þessu, þar sem lög og reglur er ekki eitthvað sem þeir hafa stórar áhyggjur af, og munu þeir redda sér vopnum eftir öðrum leiðum eftir sem áður.

Hér undir má svo sjá samanburðartöflu á Íslandi og nokkrum Evrópuríkjum, en eins og sjá má eru vopnalögin okkar býsna ströng nú þegar.

	Norway	Denmark	Finland	Sweden	Iceland Current	Iceland Proposed	Switzerland	Liechtenstein
Semi-Automatic Rifles Hunting/ Sport Shooting	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Ban	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Fully-Automatic Weapons	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Ban	Collectors Licence	Collectors Licence
Semi-Automatic Military Rifles	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Pistols & Revolvers (Historic)	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Modern Pistols	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Ban	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Modern Revolvers	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Mostly Ban	Mostly Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Pre-1900 Pistols	Basic Firearms Licence	Collectors Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Ban	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Cap & Ball Revolvers	Pre 1871 - no licence required	Collectors Licence	Pre 1890 - No Licence required	Pre 1890 - No Licence required	Import Ban	Import Ban	Pre 1871 - no licence required	Pre 1871 - no licence required
Percussion Pistols	Pre 1871 - no licence required	Collectors Licence	Pre 1890 - No Licence required	Pre 1890 - No Licence required	Import Ban	Import Ban	Pre 1871 - no licence required	Pre 1871 - no licence required
Flintlock Pistols	Pre 1871 - no licence required	Collectors Licence	Pre 1890 - No Licence required	Pre 1890 - No Licence required	Import Ban	Import Ban	Pre 1871 - no licence required	Pre 1871 - no licence required
Cartridge Collecting	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Collectors Licence	Import Ban	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
16-Bore Shotguns	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Ban	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
8-Bore Shotguns	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence	Import Ban	Import Ban	Basic Firearms Licence	Basic Firearms Licence
Air Pistols	No Licence required	Basic Firearms Licence	No Licence required	Basic Firearms Licence	Effectively Ban	Effectively Ban	No Licence required	No Licence required

Kveðja,

Eymundur Sigurðsson

